



Fjórðungssamband
Vestfirðinga



Þinggerð

67. Fjórðungspings Vestfirðinga á kosningasumri

Ísafirði 14. júní 2022

Þriðjudaginn 14. júní 2022, var 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga á kosningári haldið í sal Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12, Ísafirði, einnig í fjarfundi og hófst kl 10.00. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

Þingsetning

Jóhanna Ösp Einarsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið að nýju kl. 10.00 eftir frestun þess þann 6. apríl s.l. og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Eftir sveitastjórnarkosningarnar varð veruleg endurnýjun í sveitastjórnnum á Vestfjörðum. Formaður stjórnar hóf þingið á að bjóða öllum fulltrúum sveitastjórna á þinginu að koma upp og kynna sig og einnig þeim sem voru í fjarfundi.

Formaður kynnti að boðað væri til þessa þings samkvæmt breytingum á samþykktum um síðustu áramót. Verkefni þingsins væri að velja fulltrúa í kjörnefnd til undirbúnings kosninga á 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga að hausti og kjósa í fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins sömuleiðis til undirbúnings þingsins í haust. Auk formanna þessara tveggja nefnda.

Formaður gerði að tillögu að þingforseti yrði Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri, Ísafjarðarbæjar. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Arna Lára við fundarstjórn, þakkaði traust þingfulltrúa og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna.

Þingforseti bar upp tillögu að Bragi Þór Thoroddsen yrði varaforseti, tillagan samþykkt. Þingforseti bar upp tillögu að Agnes Arnardóttir og Magnea Garðarsdóttir starfsmenn Vestfjarðarstofu væru skipaðir þingritarar. Tillagan samþykkt.

Þingforseti fór yfir dagskrá þingsins og minnti á að samkvæmt 5 gr. þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa að mætt væri fyrir 86% atkvæða, eða 8505,6 atkvæði. Gengið var síðan til dagskrár samkvæmt 10. gr samþykta Fjórðungssambands Vestfirðinga.

1. Kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar fyrir Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti.

Þingforseti kynnti að fyrst færi fram kosning kjörnefndar, þar hefði stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga á fundi þann 1. júní s.l. gert að tillögu til sveitarstjórna hinna níu aðildarsveitarfélaga sambandsins, að kjörnefnd yrði skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi.

Þingforseti kannaði hvort aðrar tillögur væru um fjölda fulltrúa í kjörnefnd, svo var ekki og óskaði þingforseti eftir tilnefningum í kjörnefnd.

Tillögur komu fram um tilnefningu eftirfarandi fulltrúa í kjörnefnd;

- Jónas Ólafur Skúlason – Súðavíkurbhreppur
- Jón Sigmundsson – Strandabyggð
- Þórkatla Soffía Ólafsdóttir – Vesturbyggð
- Arna Lára Jónsdóttir – Ísafjarðarbæ
- Guðlaugur Jónsson – Tálknafjarðarhreppur
- Hildur Aradóttir – Kaldrananeshreppur
- Árný Haraldsdóttir – Reykhólahreppur
- Eva Sigurbjörnsdóttir - Árneshreppur
- Magnús Ingi Jónsson - Bolungarvíkurkaupstaður

Þingforseti kannaði með aðrar tillögur, svo var ekki og bar þingforseti upp tillögu að kjörnefnd. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti óskaði eftir tillögu um skipan formanns kjörnefndar. Tillaga kom fram um að Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ verði formaður kjörnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti óskaði nú eftir tillögum fulltrúa í fjárhagsnefnd, fimm aðalfulltrúa. Tillögur komu fram um eftirfarandi fulltrúa;

- Baldur Smári Einarsson – Bolungarvíkurkaupstaður
- Hrefna Jónsdóttir – Reykhólahreppur
- Jón Árnason – Vesturbyggð
- Jóhann Birkir Helgason - Ísafjarðarbæ
- Elísabet Samúelsdóttir - Ísafjarðarbæ

Þingforseti kannaði hvort fleiri tillögur væru um aðalfulltrúa í fjárhagsnefnd, svo var ekki. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti óskaði eftir tillögum varafulltrúa í fjárhagsnefnd, væru þeir varafulltrúar paraðir við aðalfulltrúa.

Tillögur komu fram um eftirfarandi varafulltrúa fjárhagsnefndar og pörun þeirra við aðalfulltrúa.

- Bragi Þór Thoroddsen – Súðavíkurbhreppur
- Eva Sigurbjörnsdóttir – Árneshreppur
- Gerður Sveinsdóttir – Vesturbyggð
- Nanný Arna Guðmundsdóttir – Ísafjarðarbæ
- Gylfi Ólafsson -Ísafjarðarbæ

Þingforseti kannaði hvort fleiri tillögur væru um varafulltrúa fjárhagsnefndar, svo var ekki. Tillagan samþykkt einróma.

Þingforseti óskaði eftir tillögu um skipan formanns fjárhagsnefndar.

Tillaga kom fram um að Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkur verði formaður fjárhagsnefndar. Tillagan samþykkt einróma.

2. Önnur mál löglega fram borin.

Þingforseti kannaði hvort þingfulltrúar vildu bera upp fleiri mál. Engin mál borin fram.

Þingforseti kynnti síðan að í aðdraganda þingsins hefði verið undirbúin rafræn kosning um þær tillögur sem hefðu síðan verið afgreiddar einróma, því ekki komið til kosninga um einstaka fulltrúa. Áhugi væri fyrir því að láta reyna á framkvæmd slíkra rafrænna kosninga og meta árangur við undirbúning næstu fjórðungsþinga, óskaði hún heimildar að láta framkvæma slíka kosningu á þinginu. Tillagan samþykkt.

Þingið ávarpaði nú Þórður Höskuldsson, hjá fyrirtækinu *Könnuður*, *Outcom kannanir* og kynnti uppbyggingu rafræns kosningakerfis og leiðbeiningar um framkvæmd kosninga. Svaraði Þórður fyrirspurnum m.a. var upplýst að kjörbærni og atkvæðaseðlar byggðu á rafrænum skilríkjum,

Hver kosning væri leynileg og atkvæði ekki rekjanleg. Þingfulltrúar gætu kosið fyrir þá fulltrúa sem gæfu þeim umboð þ.e. hver og einn kjörseðill birtist þeim sem er með umboð fyrir, hér yrðu hinsvegar að liggja fyrir upplýsingar um slík umboð áður en kemur til kosninga. Í þessum efnum var áréttað mikilvægi skráningar þingfulltrúa áður en þeir mæta til þings.

Þórður Höskuldsson vék af þingi.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir setu á þinginu og óskaði heimildar þingsins um að ljúka við þinggerð í samráði við þingritara. Tillagan samþykkt.

Þingforseti kynnti að dagskrá þingsins væri þar með tæmd að undanskildu frestun þingsins, þakkaði hún þingfulltrúum fyrir setu á þinginu og gaf orðið til formanns stjórnar Fjórðungssambandsins.

3. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður þakkaði þingfulltrúum fyrir setu á þinginu. Hún minnti á samþykkt 67. Fjórðungsþings að vori frá í apríl að 67. Fjórðungsþing að hausti verði haldið á Patreksfirði 9. og 10. september n.k.. Dagskrá væri í mótun en tillaga væri til umræðu í stjórn að bæta við þingdegi, þ.e. setja þingið síðdegis á fimmtudegi 8. september.

Formaður frestaði svo 67. Fjórðungsþingi Vestfirðinga kl 10:45.

Arna Lára Jónsdóttir

Þingforseti

Agnes Arnardóttir

Þingritari

